

Skýrsla gæðaráðs og umbótaáætlun



Júní 2024

Inngangur	3
Starfsáætlun um innra mat	4
Niðurstöður mats	5
Stjórnun og fagleg forysta	6
Nám og kennsla	7
Innra mat	8
Heildarniðurstaða innra mats - myndræn	9

Inngangur

Þessi skýrsla fjallar um helstu viðfangsefni innra mats skólaárið 2023-2024 í Síðuskóla.

1. Helstu matsþættir

- Nám og kennsla
 - Metið á hverju skólaári að hluta.
- Stjórnun, mat á stjórnun og faglegri forystu verður metið út frá gæðaviðmiðum Menntastefnu Akureyrarbæjar á skólaárinu 2023-2024
- Innra mat, lokið verður við þær umbætur er varða innra mat á skólaárinu 2023-2024
- Skýrslu lýkur með umbótaáætlun

Gæðaráð Síðuskóla skipa Ólöf Inga Andrésdóttir, skólastjóri, Marías Ben. Kristjánsson, deildarstjóri, Helga Lyngdal, deildarstjóri, Halla Björg Davíðsdóttir, þroskaþjálfari, Jóhanna Ásmundsdóttir, kennari og Rannveig Heimisdóttir, kennari.

Starfsáætlun um innra mat

Í Síðuskóla er litið á innra mat og umbótatillögur í kjölfar þess sem kjarnann í gæða skólastarfi. Markmiðið er að gera innra mat markvisst og samofið skólastarfinu og nota það sem tæki til umbóta og framfara. Akureyrarbær hefur sett upp viðmið um árangur og gæði í skólastarfi ásamt því sem skólinn setur sér eigin viðmið ef vill. Unnið er samkvæmt langtímaáætlun um mat á starfsemi í Síðuskóla í samræmi við nýja Menntastefnu Akureyrarbæjar, áætlunina er að finna [hér](#). Í gæðaráði skólans sitja skólastjóri, tveir deildarstjórar, tveir kennarar og einn þroskaþjálfari. Gæðaráð hittist vikulega og vann eftir ársáætlun sem unnin er út frá langtímaáætlun skólans. Ársáætlun fyrir skólaárið 2023-2024 er að finna [hér](#). Gæðaráð vann að eftirfylgd umbótaáætlunar fyrir skólaárið 2023-2024 sem gerð var á grunni innra mats fyrir skólaárið 2022-2023.

Helstu verkefni skólaársins voru:

Stjórnun og fagleg forysta:

- Efla samskipti og faglegt samstarf stjórnenda og starfsfólks.
- Efla teymisvinnu enn frekar og starfsfólk taki þátt í mótun starfs og stefnu skólans
- Bæta líðan starfsfólks og finna leiðir til að efla samskipti og stuðning.
- Kynna áherslur skólans fyrir skólasamfélaginu, fullvinna og birta skólastefnu skólans.

Nám og kennsla:

- Vinna að heildarstefnu varðandi námsmat í öllum skólanum og vinna að því að námsmat sé fjölbreytt og uppbyggilegt og að nemendur fái reglulega endurgjöf.
- Áframhaldandi efling teymisvinnu.
- Innleiða starfshætti leiðsagnarnáms.
- Að tekið sé tillit til mismunandi þarfa nemenda og þeir hafi val um mismunandi leiðir að markmiðum.
- Koma upp kerfisbundnu mati á gæðum náms og kennslu m.a. með innliti í kennslustundir.
- Auka lýðræðislega aðkomu nemenda að skólastarfi.
- Auka áhuga nemenda á náttúrufræði.

Innra mat:

- Gæðaráð skipuleggur umbætur í samstarfi við starfsfólk og gerir umbótaáætlun út frá mati í samræmi við Menntastefnu Akureyrarbæjar. Tekið verður mið af umbótaáætlun gerðri að vori og þeim fylgt eftir á kerfisbundinn hátt.

Niðurstöður mats

Niðurstöður taka mið af ársáætlun fyrir skólaárið 2023-2024 ásamt umbótaáætlun og eru niðurstöðurnar lagðar fram í eftirfarandi þáttum:

1. Stjórnun og fagleg forysta
2. Nám og kennsla
3. Innra mat.

Í hverjum þætti er fjallað um helstu niðurstöður innra matsins út frá viðmiðum skólans. Farið yfir niðurstöður út frá matsgögnum og tillögur að umbótum lagðar á fram. Gæðaráð fór yfir þau gögn sem lágu til grundvallar á fundum sínum og bar saman við viðmið.

Hér má sjá hvernig niðurstöður eru flokkaðar út frá þeim sem gögnum sem liggja fyrir.

- **RAUTT** - Mikilla umbóta er þörf á flestum eða öllum þáttum. Óviðunandi verklag, uppfyllir ekki viðmið skólans um gæðastarf á mörgum mikilvægum þáttum.
- **GULT** - Meiri veikleikar en styrkleikar. Viðunandi verklag, uppfyllir viðmið um gæðastarf að mörgu leyti, einhverjir mikilvægir þættir sem þarfnast umbóta
- **LJÓSGRÆNT** - Meiri styrkleikar en veikleikar. Gott verklag, flestir þættir í samræmi við lýsingu á gæðastarfi
- **GRÆNT** - Flestir eða allir þættir sterkir. Mjög gott verklag sem samræmist fyllilega lýsingu um gæðastarf.

Stjórnun og fagleg forysta

Stjórnun og fagleg forysta var metin skv. viðmiðum Akureyrarbæjar - [Stjórnun og fagleg forysta - matslisti 4. útgáfa](#). Farið var yfir heildarviðmið og metnir þættir sem teknir verða í umbótaáætlun næsta skólaárs. Gögn sem nýtt voru auk viðmiða Akureyrarbæjar um stjórnun og faglega forystu eru niðurstöður starfsmannakönnunar Akureyrarbæjar og niðurstöður starfsþróunarsamtala. Niðurstaða matsins er sú að þrír þættir af sjö bera skýr merki um gæðastarf í skólum, tveir þættir teljast vera ljósgrænn þar sem styrkleikar eru meiri en veikleikar og tveir þættir eru gulir þar sem veikleikar eru meiri en styrkleikar.

Stjórnun og fagleg forysta	
Faglegt samstarf og samræða	Vinnulag, verklagsreglur og áætlanir
Samvirkni í stefnumótun - stefnumótun og skipulag	Starfsmanna stjórnun og verkaskipting
Tengsl við foreldra og aðra í skóla samfélaginu	Leiðtogahæfni stjórnenda og starfsmanna
Umbætur og innleiðingar breytinga	

Umbætur næsta skólaárs:

- Efla samskipti og faglegt samstarf. Ígrundun og samræður stjórnenda og starfsfólks í kjölfar vettvangsathuguna.
- Viðhalda teymisvinnu og samtvinna hana innleiðingu leiðsagnarnáms.
- Reglubundnir fundir stjórnenda og teyma.
- Fara í greiningu á því hvað starfsfólk telji að vanti í faglega forystu í skólanum.
- Unnið að ýmsum verkefnum er varða velferð barna. Til að mynda vinna ítarlega forvarnaráætlun fyrir hvern árgang fyrir sig, klára það sem upp á vantar til að fá viðurkenningu sem Réttindaskóli UNICEF.

- **RAUTT** - Mikilla umbóta er þörf á flestum eða öllum þáttum. Óviðunandi verklag, uppfyllir ekki viðmið skólans um gæðastarf á mörgum mikilvægum þáttum.
- **GULT** - Meiri veikleikar en styrkleikar. Viðunandi verklag, uppfyllir viðmið um gæðastarf að mörgu leyti, einhverjir mikilvægir þættir sem þarfnast umbóta
- **LJÓSGRÆNT** - Meiri styrkleikar en veikleikar. Gott verklag, flestir þættir í samræmi við lýsingu á gæðastarfi
- **GRÆNT** - Flestir eða allir þættir sterkir. Mjög gott verklag sem samræmist fyllilega lýsingu um gæðastarf.

Nám og kennsla

Viðmið Akureyrarbæjar - [Nám og kennsla](#) Gögn sem nýtt voru til að máta við ný markmið og viðmið um nám og kennslu voru fundargerðir, niðurstöður spurningalista, fundir stjórnenda með teyðum, samtöl í kjölfar vettvangsheimsókna og niðurstöður starfsþróunarsamtala. Niðurstöður eru á þann veg að einn þáttur af sex er grænn þar sem flestir þættir eru sterkir, fjórir þættir eru ljósgrænir þar sem styrkleikar eru meiri en veikleikar, einn þáttur er gulur og uppfyllir gæðastarf að mörgu leyti en ákveðnir þættir þarfnast umbóta.

Nám og kennsla	
Inntak og námskrá	Skipulag náms
Árangur náms	Námssvitund
Gæði kennslu	Ábyrgð og þátttaka

Umbætur næsta skólaárs:

- Innleiða og styrkja starfshætti leiðsagnarnáms í skólanum. Vinna að markmiðssetningu nemenda í námi, fjölbreyttu námsmati og reglulegri endurgjöf.
- Að tekið sé tillit til mismunandi þarfa nemenda og þeir hafi val um mismunandi leiðir að markmiðum.
- Þematengt nám þar sem reynir á verkunnáttu og sköpun.
- Bæta sjálfsmýnd og þrautseigju nemenda.
- Vinna að því að glæða áhuga nemenda á náttúrufræði, rýnt í náttúrufræðikennslu og umbótaáætlun gerð út frá niðurstöðum.
- Auka lýðræðislega aðkomu nemenda að skólastarfi.

- **RAUTT** - Mikilla umbóta er þörf á flestum eða öllum þáttum. Óviðunandi verklag, uppfyllir ekki viðmið skólans um gæðastarf á mörgum mikilvægum þáttum.
- **GULT** - Meiri veikleikar en styrkleikar. Viðunandi verklag, uppfyllir viðmið um gæðastarf að mörgu leyti, einhverjir mikilvægir þættir sem þarfnast umbóta
- **LJÓSGRÆNT** - Meiri styrkleikar en veikleikar. Gott verklag, flestir þættir í samræmi við lýsingu á gæðastarfi
- **GRÆNT** - Flestir eða allir þættir sterkir. Mjög gott verklag sem samræmist fyllilega lýsingu um gæðastarf.

Innra mat

Í vinnu gæðaráðs að innra mati var unnið skv. viðmiðum Akureyrarbæjar - [Innra mat](#)
Meginmarkmið á skólaárinu var að festa í sessi starfshætti gæðaráðs og funda reglulega, útbúa langtíma- og skammtíma matsáætlun og birta á heimasíðu. Vinna innra mats skýrslu sem inniheldur umbótaáætlun.

Gögn sem nýtt voru til að máta við markmið skólans voru viðmið um nám, niðurstöður spurningalista, fundargerðir og niðurstöður starfspróunarsamtala.

Niðurstaða gefur til kynna að fleiri styrkleikar séu til staðar en veikleikar. Verklag er að mestu leyti gott og flestir verkþættir í samræmi við lýsingu á gæðastarfi.

Innra mat
Skipulag
Framkvæmd
Umbætur

Umbætur næsta skólaárs:

- Áframhaldandi þróun á markvissu mati og úrvinnslu gagna.
- Kynning og umræða með starfsfólki um starf gæðaráðs og gildi innra mats.

Heildarniðurstaða innra mats - myndræn

Stjórnun og fagleg forysta		Nám og kennsla		Innra mat
Faglegt samstarf og samræða	Vinnulag, verklagsreglur og áætlanir	Inntak og námskrá	Skipulag náms	Skipulag
Samvirgni í stefnumótun - stefnumótun og skipulag	Starfsmanna stjórnun og verkaskipting	Árangur náms	Námsvitund	Framkvæmd
Tengsl við foreldra og aðra í skóla samfélaginu	Leiðtogaþæfni stjórnenda og starfsmanna	Gæði kennslu	Ábyrgð og þátttaka	Umbætur
Umbætur og innleiðingar breytinga				

RAUTI - Mikilla umbóta er þörf á flestum eða öllum þáttum. Óviðunandi verklag, uppfyllir ekki viðmið skólans um gæðastarf á mörgum mikilvægum þáttum.

GULT - Meiri veikleikar en styrkleikar. Viðunandi verklag, uppfyllir viðmið um gæðastarf að mörgu leyti, einhverjir mikilvægir þættir sem þarfnast umbóta

LJÓSGRÆNT - Meiri styrkleikar en veikleikar. Gott verklag, flestir þættir í samræmi við lýsingu á gæðastarfi

GRÆNT - Flestir eða allir þættir sterkir. Mjög gott verklag sem samræmist fyllilega lýsingu um gæðastarf.

Heildarniðurstaðan er að í tæplega 19% matsþátta (3/16) eru grænir sem þýðir mjög gott verklag sem samræmist fyllilega lýsingu um gæðastarf. meiri styrkleikar en veikleikar. Tæplega 63% matsþátta (10/16) eru metnir ljósgrænir sem tákna gott verklag og meiri styrkleika en veikleika. Tæplega 19% matsþátta falla í flokkinn viðunandi verklag þar sem einhverjir þættir uppfylla viðmið en mikilvægir þættir þarfnast umbóta. Tveir af þeim þáttum snúa að stjórnun og faglegri forystu og einn að námi og kennslu. Umbótaáætlun næsta skólaárs tekur mið af þessum niðurstöðum.

Stjórnun og fagleg forysta							
Samvirkni í stefnumótun	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir	Viðmið um árangur
Fagleg endurgjöf og samræða	Efla ígrundun og samræður í kjölfar vettvangsathugana.	Að stjórnendur fylgist markvisst með kennslu og í framhaldi af því eigi sér stað ígrundun og endurgjöf með teyllum.	Stjórnendur	Ágúst 2024	Júní 2025	Stjórnendur/starfsfólk í teyllum. Starfsmannakönnun Starfsþróunarsamtöl	Að þetta verði eðlilegur þáttur í skólastarfinu og markviss leið til að bæta starfshætti. Að í skólanum séu jákvæð samskipti og starfsfólki líði vel og sé ánægt í starfi. Að 90% starfsmanna séu ánægðir eða mjög ánægðir.
Faglegt samstarf og samræða	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir	Viðmið um árangur
Faglegt samstarf og fagmennska starfsfólks	Viðhalda teymisvinnu og samtvinna hana innleiðingu leiðsagnarnáms. Stjórnendur hitta teymin reglubundið.	Leiðtogar í teyllum funda með fulltrúa MSHA, þar sem lögð er áhersla á að byggja upp öflug teymi þar sem unnið er markvisst að innleiðingu leiðsagnarnáms. Fastir fundir stjórnenda með teyllum	Stjórnendur	Haust 2024	Júní 2025, í vinnslu áfram.	Sjálfsmat teyma og stjórnenda	Að teymiskennsla sé viðhöfð þar sem teymi bera sameiginlega ábyrgð á námi og kennslu nemendahóps og faglegu starfi. 90% árangur skv. matslista Ak. bæjar um nám og kennslu (skipulag náms).

Velferð barna	Vinna ítarlega forvarnaráætlun fyrir hvern árgang fyrir sig út frá heildaráætlun.	Halda áfram að efla starfsemi forvarnarteymis skólans, vinna fræðslu- og forvarnaráætlanir í hverjum árgangi fyrir sig.	Stjórnendur Forvarnarteymi	Ágúst 2024	Júní 2025	Lokið/ólókið	Að ítarlegar fræðslu- og forvarnaráætlanir séu til staðar í öllum árgöngum.
Starfsmannastjórnun og verkaskipting	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir	Viðmið um árangur
Starfsánægja og líðan	Að viðhalda jákvæðum árangri varðandi líðan starfsfólks, finna leiðir til betri samskipta og efla samstarf.	Efla faglegt samráð stjórnenda og starfsfólks. Fundir stjórnenda með teyllum. Starfsþróunarsamtöl.	Stjórnendur Gæðaráð	Ágúst 2024	Júní 2025	Starfsmannakönnun	Að í skólanum séu jákvæð samskipti og starfsfólki líði vel og sé ánægt í starfi. Að 90% starfsmanna séu ánægðir eða mjög ánægðir.
Leiðtogaþæfni stjórnenda og starfsmanna	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir	Viðmið um árangur
Samskipti og faglegt samstarf stjórnenda og starfsfólks	Að efla samskipti og faglegt samstarf stjórnenda og starfsfólks.	Að stjórnendur fari inn í kennslustundir með reglubundnum hætti og eigi samræður við teymi í framhaldinu þar sem ákveðnir þættir eru ígrundaðir.	Stjórnendur	Ágúst 2024	Júní 2025	Starfsmannakönnun Starfsþróunarsamtöl	Að í skólanum séu jákvæð samskipti og starfsfólki líði vel og sé ánægt í starfi. Að 90% starfsmanna séu ánægðir eða mjög ánægðir.

Samskipti og faglegt samstarf stjórnenda og starfsfólk	Að efla samskipti og faglegt samstarf stjórnenda og starfsfólks.	Að greina nánar hvað starfsfólk telji að vanti við faglega forystu í skólanum.	Stjórnendur	Ágúst 2024	Júní 2025	Starfsfólk í teyllum, aðkoma MSHA	Að komast að rót vandans og vinna umbótaáætlun út frá þeim niðurstöðum í framhaldinu. Niðurstöður varðandi faglegan stuðning verði fyrir ofan meðallag á Skólapúlsi 2025.
---	--	--	-------------	------------	-----------	-----------------------------------	--

Nám og kennsla

	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
Innleiða starfshætti leiðsagnarnáms	Halda áfram að innleiða og styrkja starfshætti leiðsagnarnáms með áherslu á að efla trú nemenda á eigin getu, þátttöku og ábyrgð í námi.	Unnið skv. þróunaráætlun um leiðsagnarnám í samvinnu við MSHA.	Kennarar Stjórnendur	Ágúst 2024	Júní 2025, í vinnslu áfram	Skólapúlsinn Sjálfsmat kennara	Að tíðni leiðsagnarmats, trú nemenda á eigin getu og þrautseigja í námi sé fyrir ofan landsmeðaltal í Skólapúlsinum. Að kennarar meti að nemendur hafi aukið trú á eigin getu og þrautseigja hafi aukist.
Námsmat, aðferðir leiðsagnarnáms	Að vinna áfram að því að námsmat sé fjölbreytt og uppbyggilegt og að nemendur fái reglulega endurgjöf. Að hafa viðmið sýnileg fyrir nemendur og veita þeim tækifæri til að skilgreina viðmið í samráði við kennara.	Með aðferðum leiðsagnarnáms þar sem lögð er áhersla á að nemendur þekki námsmarkmið kennslustundar og taki þátt í að skilgreina viðmið um árangur. Nemendur fái tækifæri til að bæta sig á grundvelli endurgjafar.	Kennarar Stjórnendur	Ágúst 2024	Vor 2025, í vinnslu áfram	Matstæki um þróun skólastarfs (GGÓ). Fundir með teyimum. Matslisti Menntastefnu Ak.þéttvangur um nám og kennslu.	Að komast á 4.-5. stig skv. matslistum GGÓ. 90% árangur á matslista Menntastefnu Ak.þéttvangur.

Fjölbreyttir kennsluhættir	Fengist sé við fjölbreytt þemu þar sem reynir á verkkunnáttu og sköpun.	Valgreinar á miðstigi endurskoðaðar, smiðjur á unglíngastigi. Áfram unnið að samþættingu námsgreina á mið- og unglíngastigi.	Kennarar Stjórnendur	Ágúst 2024	Metið vor 2025, í vinnslu áfram	Rýnihópar Matslistar GGÓ og Ak.þæjar um nám og kennslu.	90% árangur á matslista Ak.þæjar um nám og kennslu (gæði kennslu).
Skipulag náttúrufræðikennslu	Auka áhuga nemenda gagnvart náttúrufræði.	Rýnt í náttúrufræðikennslu og umbótaáætlun gerð út frá niðurstöðum.	Kennarar Stjórnendur	Ágúst 2024	Metið vor 2025, í vinnslu áfram	Skólapúlsinn Samtöl við teymi Rýnihópar nemenda	Að við náum landsmeðaltali í viðhorfi til náttúrufræðikennslu í Skólapúlsinum.
Velferð og líðan nemenda	Vinna áfram að bættri líðan nemenda m.a. með því að efla sjálfsmynd og þrautseigju.	Með innleiðingu starfshátta leiðsagnarnáms ásamt því að halda áfram að efla fjölbreytta kennsluhætti m.a. með því að leggja áherslu á samþættingu námsgreina, vinna með áhugasvið nemenda, efla samvinnu og val við úrlausnir verkefna.	Kennarar Stjórnendur	ágúst 2024	Metið vor 2025, í vinnslu áfram	Skólapúlsinn Líðankannanir Forvarnarþríhyrningar	100% nemenda ánægðir eða mjög ánægðir.

Ábyrgð og þátttaka	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig Metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
Lýðræðisleg vinnubrögð, þátttaka og ábyrgð nemenda.	Auka lýðræðislega aðkomu nemenda að skólastarfi. Fá viðurkenningu sem Réttindaskóli UNICEF. Efla réttindaráð og nemendaráð enn frekar.	Klára innleiðingarferli og fá viðurkenningu sem Réttindaskóli UNICEF. Efla réttindaráð og nemendaráð enn frekar.	Kennarar Stjórnendur	ágúst 2024, áframhaldandi vinna	Október 2024 í vinnslu áfram	Matslisti um nám og kennslu (ábyrgð og þátttaka) Ak.bær.	Nemendalýðræði sé virkt í skólanum. Leitað sjónarmiða nemenda um námsumhverfi, tilhögun og fyrirkomulag skólastarfs. Tekið tillit til sjónarmiða nemenda og þeir hafðir í ráðum við ákvarðanatöku. Matslisti um nám og kennslu (ábyrgð og þátttaka), Ak.bær.
Ábyrgð og skipulag náms	Að nemendur taki í auknum mæli þátt í að setja sér markmið í námi.	Innleiða og styrkja starfshætti leiðsagnarnáms með fræðslu og markvissri innleiðingu.	Kennarar Stjórnendur	ágúst 2024	Metið vor 2025, í vinnslu áfram	Sjálfsmat	Að koma á verklagi sem samrýmist lýsingu um gæðastarf í námi og kennslu. Mjög gott verklag sem samræmist fyllilega lýsingu um gæðastarf í námi og kennslu.
Símenntun kennara	Að auka við framboð af námskeiðum fyrir fagmenntað starfsfólk skólans	Kanna framboð og kynna fyrir starfsfólki	Kennarar og stjórnendur	Ágúst 2024	Ágúst 2025	Eftirfylgni með könnun Skólapúlsins vor '24.	

Innra mat

Skipulag	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
Framkvæmd innra mats og kynning	Kynning og umræða um starf gæðaráðs og gildi innra mats.	Virkja starfsfólk og kynna fyrir því markmið og niðurstöður innra mats.	Gæðaráð Stjórnendur	Ágúst 2024	Júní 2025	Lokið/ólokið	Að innra mat samræmist viðmiðum menntastefnu Akureyrarbæjar um gæðastarf.
Framkvæmd	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
Úrvinnsla gagna	Efla starfshætti gæðaráðs.	Vinna markvisst samkvæmt tímaáætlun úr fyrirbyggjandi gögnum og vinna jafnt og þétt að umbótaáætlun.	Gæðaráð Stjórnendur	Ágúst 2024	Júní 2025	Gögn skoðuð og rýnt í niðurstöður.	Að innra mat samræmist viðmiðum menntastefnu Akureyrarbæjar um gæðastarf.
Umbætur	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig Metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
Umbætur og eftirfylgni	Umbótum er kerfisbundið fylgt eftir.	Skýrir verkferlar.	Gæðaráð	Í lok hvers skólaárs.		Metið með gátlista.	Að verkferlar séu það skýrir að hægt sé að fylgja þeim eftir og hlutverk hvers og eins sé skýrt.

